# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 2

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Guðl. Guðmundsson

*sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu,*

*bæjarfógeti á Akureyri*

*KUNNGJÖRIR: Með því að* verzlunarmaður Anton Ásgrímsson, Akureyri — —, 22 *ára að aldri, til heimilis* í Akureyrarkaupstað, *fæddur* í Þóroddsstaðahreppi *og talinn sveitlægur* í Þóroddsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu *eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni að barninu* Aðalheiði — — — —, *sem er óskilgetin* dóttir ógiptrar stúlku Guðlaugar Jónu Sigurðardóttur í Dalvík *og fædd* 2. janúar 1907

*ÚRSKURÐAST:*

nefndur Anton Ásgrímsson í Akureyri *greiði meðlag með ofannefndu barni frá* 2. janúar 1907 *og til þess er það er fullra 16 ára að aldri, að upphæð* Kr: 44.00 fjörutíu og fjórar *krónur árlega, sem skulu goldnar* eptir á fyrir ½ ár í senn, hvert ár 2. janúar og 2. júlí, með 22 kr., fyrsta skipti 2. júlí 1907.

Eyjafjardarsysla
Dagbok III Nr 251. 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af barnsfararkostnaðinum greiði hann Kr: 15.00 —

— fimtán — krónur 00 aur., er skulu goldnar fyrir

14. maí 1907

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðir aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags, samkvæmt því, er fyrir er mælt í fátækralögunum 10. nóv. 1905, 9. gr.

Úrskurð þennan ber hlutaðeigandi stefnuvottum að birta fyrir ofannefndum

Antoni Ásgrímssyni ókeypis, sbr. fátækralög, 6. gr.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Skrifstofu Eyjafjarðar sýslu 4. apríl 1907

Guðl. Guðmundsson

Eyjafjarðarsýsla Akureyrarkaupstaður.

Ár 1907 dag 2 maí höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Akureyrarbæ birt framan ritaðan úrskurð á lögheimili Antons Ásgrímssonar hér í bænum, föður hans Ásgrími Guðmundssyni þar Anton sjálfur var ekki heima

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar Akureyri ár og dag sem áður greinir

Kristján Nikulásson  Dal Benediktsson

Prentsmiðja Odds Björnssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bakkakoti 28 desember 1908

Velborni herra Sýslumaður

Meðtekið brjef yðar af 12 þ. m. og meðfylgandi
úrskurð hef jeg í dag lesið upp fyrir nefnd
Bóndm. Helga syni á Gerðabakka og kvaðst
hann með engu móti geta greitt skuld
þessa fyrir nýár„ en eftir nýár kvaðst hann
hafa von um að geta borgað.

Hann vann á austfjörðum í sumar og
var svikinn um allt sitt kaup„ um eigindóm
hans er bæjarfógeta eins kunnugt og
mjer að hann er einginn og sendi jeg því
úrskurðin hjer með því ef maðurin getur borgað
þá borgar hann eins fyrir það þó úrskurður
inn liggi á sínum stað. J. Nr. 936/1908.

Með fylgjandi brjef bæjarfógeta og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ogreyknínger til Sigurðar Guðlaugsson
ar Kaupmanns í Gerðum.
Reyknínginn hef jeg í slag feingið borg
aðan,, og sendi yður því bæjefs bæjarfóget
ans og í peníng 31 Kr. og 20 ar einsog
reikníngurinn bar með sjer. Kvittanó skatt
send með manninum og sóm eýð(?) ef
nýjer ber nokkuð í ymheimta(?) launaða
ferða Kostnaðsem er 1. míla.

Virðingarfyllst
Eiríkur Þorsteinsson

Til
Sýslumannsins í Gullbringusýslu

© Borgarskjalasafn Rey[kjavíkur]

# Amtmaðurinn
yfir
# Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því *vinnumaður Jón Einarsson* *í Norðtungu í Hvítársíðuhreppi innan* *Mýrasýslu*, eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins *Guðmundar*, , sem er óskilgetin*n sonur Steinunnar* *Guðmundsdóttur í Reykjavík (Laugaveg* *Nr. 40)* og fædd*ur 14. október 1893* úrskurðast hjer með, að nefndur *Jón Einarsson* greiði með barni þessu frá *14. október 1897* og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri *40* (*fjörutíu*) krónur árlega, sem skulu goldnar *14. október ár hvert eptirá og í fyrsta skipti* *14. október næstkomandi.*

~~Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og~~ ( )

~~krónur~~ ~~aur., eigi síðar en~~ ~~næstkomandi~~.

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

*B. Rok.* *13/8 1910*

*S. D. I. No 533.*

*Greidd til 14. okt. 1900 borgað með 40 kr.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun tjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalar- eða framfærslusveit föðurins ...n greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 24. janúar 1890, ...n meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Jóni Einarssyni ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* 6. ágúst 1898.

J. Havsteen.

Framan og afanritaðan amtsúrskurð höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Þverárhlíðarhreppi birt í dag Jóni Einarssyni vinnumanni í Norðtungu hjer í hreppi og húsbónda hans Runólfi Runólfssyni sama staðar og fundum við þá heima og birtum þeim sjálfum afanritaðan úrskurð þetta ritum við með skýrskotun til eiða þeirra er við höfum unnið og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Staddir að Norðtungu 21 nóvember 1898.

Þorsteinn Davíðsson    Þórsteinn Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fógetinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

Kunngjörir: samkvæmt beiðni barnsmóðurinnar Steinunnar Guðmundsdóttur er hjermeð úrskurðað, að lögtak ber að gera ~~fyrir~~ hjá barnsföðurnum, Jóni Einarssyni, vinnumanni í Fornahvammi, fyrir ársfúlgu þeirri eftir framanskráðum úrskurði, er fjell í gjalddaga 14. okt. þ. á., að upphæð 40 kr., að því áskildu að lögtaksbeiðandi ábyrgist að skuldarinnar sé rétt krafist.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. dec. 1900

Sigurður Þórðarson

Samkvæmt ofanrituðum Fógeta úrskurði skal yður hjermeð tilkint að Lögtak verður framkvæmt Laugardag 5 jan næstkomandi, að forfallalausu.

Hreðavatni 26. des. 1900
Jakob Bl. Þorsteinsson

Hjermeð vottar undirskrifaður að hafa birt hið ofanritaða fyrir Joni Einarssyni vinnumanni í Fornahvammi og húsmóður hans Fridriku Davíðsdóttir sem jeg fann heima staddur í Fornahvammi 27 des. 1900
Jakob Bl. Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

# Sýslumaðurinn

í

## Suður-Múlasýslu

KUNNGJÖRIR: að með því Magnús vinnumaður Tómasson í Tungu í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu

eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Lára Emilía sem er óskilgetin dóttir stúlkunnar Kristjönu Maríu Ágústu Guðmundsdóttur, Bergstaðastræti 28 Reykjavík og fædd 25. janúar 1907 úrskurðast hérmeð, að nefndur Magnús Tómasson greiði með barni þessu frá fæðingardegi þess og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri kr. 35,oo (þrjátíu og fimm ~~krónur~~ ) krónur árlega, sem skulu goldnar 25. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 26. janúar 1908, Barnsfaðirinn greiðir með öðru barni með sömu stúlku kr. 45,oo um árið og er þess utan bláfátækur. —

Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og kr. 19,50 (nítján) krónur 50 aur., eigi síðar en 31. júlí næstkomandi

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. og 6. gr., sbr. opið bréf 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júni 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög. 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta fyrnefndum Magnúsi Tómassyni í Tungu í Fáskrúðsfjarðarhreppi ókeypis, sbr. opið bréf 28. mai 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurðar þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

*Skrifstofa Suður-Múlasýslu, Eskifirði* þ. 17. júní 1907

Þessu til steðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

A. V. Tulinius
(L. S.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, föstudaginn hinn 5. júlí m. höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Fáskrúðsfjarðarhreppi birt framanritaðan úrskurð konu Magnúsi Sölnassyni eiinmanni í Tungu á hans lögheimili og fyrir honum sjálfum og húsbónda hans, Páli Þorsteinssyni. —

Þetta vottum við og staðfestum með okkar stefnuvottaeiði og innsiglum. —

Tungu, ár og dag sem áður greinir.

Guðm. Jónasson. (L. S.)
Ólafur Finnbogason (L. S.)

Rjett eptirrit staðfestir
Skrifstofa Suður-Múlasýslu. Eskifirði 28/1 1908.

A. V. Tulinius

Inger Dagbj. Johanna f. 28/9 04

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sms. J. Ltr. No 581-05 9/9
Nms. Nr. 512-06. 8/9.

# Sýslumaðurinn
## í Suður-Múlasýslu

Kunngjörir: að með því Magnús Tómasson vinnumaður í Dölum í Fáskrúðsfjarðarhreppi, eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefur synjað fyrir faðerni barnsins, Inger Daghjört Jóhanna, sem er óskilgetin dóttir hans og stúlkunnar, Kristjönu Maríu Ágústu Guðmundsdóttur, vinnukonu á Hrjót í Hjaltastaðarhreppi í Norður-Múlasýslu, og fæddist 28. september 1904, úrskurðast hjer með, að nefndur Magnús Tómasson greiði með barni þessu frá 28. septbr. 1904 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri, 45 kr. - fjörutíu og fimm - krónur árlega, sem skulu goldnar fyrir 28. september ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 28. septbr. 1905. -

Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. 22,50 - tuttugu og tvær krónur og 50 aura -, eigi síðar en 28. september næstkomandi. -

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. gr. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafist í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun hátyfirvaldsins samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun fjesekta í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr. –

Enn fremur hefur barnsmóðirinn aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. –

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta fyrnefndum Magnúsi Tómassyni í Dölum ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjá annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820. –

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu.

Eskifirði, 7. ágúst 1906.

Í fjarveru sýslumanns A. V. Tulinius.

Jón Rúnólfsson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1905 þ. 30 Ágúst höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Fáskrúðsfjarðarhreppi birt framanritaðan dómsúrskurð fyrir Magnúsi Tómassyni vinnumanni í Dölum fyrir honum sjálfum. —

Þetta vottum við í krafti eiðs þess er við höfum unnið sem stefnuvottar

p.t. Dölum 30 Ágúst 1905

Guðm. Jónasson

Ólafur Finnbogason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inger Dagbjört Jóhanna
er fædd 28. sept. 1904;
skírð 7. febr. 1905.

— " —

Móðirin: Kristjana María Ágústa Guðmundsdóttir, 21. árs að aldri; vinnukona á Hrjót, lýsti Magnús Tómasson, vinnumann í Dölum í Fáskrúðsfirði, föður að barninu.

Skírnarvottar: Árni Ísaksson og María Jóhannesdóttir, búandi hjón á Hrjót, og móðirin.

— " —

Samkvæmt prestsþjónustubók Hjaltastaðarprestakalls.

Hjaltastað 22. desember 1906.

Vigfús Þórðarson.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Halldór Daníelsson
## bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Með því að Þórður Brynjólfsson sjómaður hjer í bænum, fæddur 28. desbr. 1884 í Reykjavík og sveitlögur þar, hefur játazt undir faðerni barnsins Eleonora fæddrar 9. september 1907, óskilgetinnar dóttur Sigríðar Ólafsdóttur, úrskurðast hjermeð, að nefndur Þórður Brynjólfsson skuli greiða 50 kr. fúlgu á ári hverju barni þessu til framfæris frá fæðingu þess til fullra 16 ára aldurs, og greiðist fúlgan eptir á 7. september fyrir umliðið ár.

Hinni úrskurðuðu meðlagsupphæð má eptir ástæðum breyta með nýjum úrskurði.

Meðlögin má taka lögtaki samkvæmt tilskipun 14. október 1763 og lögum 16. desember 1885 og ef til kemur láta barnsföður afplána með einföldu fangelsi þau meðlög, sem koma í eindaga til 10. aldursárs barnsins.

Barnsmóðirin á aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlagsins, samkvæmt lögum 12. janúar 1900.

Úrskurð þennan skulu stefnuvottar birta Þórði Brynjólfssyni ókeypis.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 7. september 1908.

Halldór Daníelsson

Ár 1908. miðvikudaginn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. september höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan meðlagsúrskurð í húsinu №. 12. við Aðalstræti fyrir Þórði Brinjólfssyni sjálfum

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum

J. Björnsson     Páll Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 9. September er fædd

Eleonóra Þórðardóttir.

Foreldrar: Þórður Brynjólfsson og Sigríður Ólafsdóttir, ógipt bæði, til heimilis á Akureyri.

Barn þetta var skírt skemmri skírn sama dag og það framkvæmt af past. emerit. Matth. Jochumssyni á Akureyri.

Þetta vottast hér með eftir Ministerialbók Akureyrar prestakalls.

Akureyri 10. Febr. 1908

Geir Sæmundsson

Eyjafjardarsysla
Dagbok II № 102. 1908

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson

bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Með því að Óli Kristinn Jónsson Coghill verzlunarmaður hjer í bænum, fæddur á Mjóafirði í Suðurmúlasýslu 12. jan. 1888, hefur eigi, samkvæmt lögregluþingsdómi Reykjavíkur, 14. desbr. 1907, synjað fyrir faðerni barnsins Ingibjargar Láru, sem er óskilgetin dóttir stúlkunnar Margrjetar Hrólfjartsdóttir í Vestmanneyjum, fædd 11. júní 1907, úrskurðast hjermeð, að nefndur Óli Kristinn Jónsson Coghill greiði til framfæris og uppeldis barni þessu frá fæðingu þess til fullra 16 ára aldurs 50 kr. fúlgu á ári, er lúkist 11. júní ár hvert, fyrsta sinn 11. júní þ. á.

Meðlag þetta má eptir ástæðum hækka eða lækka með nýjum úrskurði.

Af barnsfararkostnaði móðurinnar greiði Óli Kristinn Jónsson Coghill 12 kr. á 3ja daga fresti frá birtingu þessa úrskurðar.

Meðlögin má taka lögtaki samkvæmt tilskipun 14. Október 1763 og lögum 16. desember 1885 og ef til kemur láta barnsföður afplána með einföldu fangelsi þau meðlög sem koma í eindaga til 10. aldursárs barnsins.

Barnsmóðirin á aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlagsins samkvæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögum 10. nóvember 1905.
Úrskurð þennan skulu stefnuvottar birta ókeypis Óla Kristni Jónssyni Coghill.
Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.
Reykjavík, 25. maí 1908.

Halldór Daníelsson.

Ár 1908. þriðjudaginn 26. maí höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan miðlagsúrskurð Óla Kristni Jónssyni Coghill persónulega á vinnustofu hans í „Ingólfshvoli" við Hafnarstræti hjer í bænum, og tók hann birtinguna jafngilda þar sem á hans heimili væri, sem nú er á Laugavegi 19. hjer í bænum.
Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

J. Björnsson Páll Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð Margrjet Hróbjartsdóttir veiti hjer með yfirrjettarmálaflutningsmanni Eggert Claessen fullt og óskorað umboð til þess að framfylgja fyrir mína hönd á hvern þann hátt, sem honum virðist við eiga, dómi uppkveðnum í gær í barnsfaðernismáli mínu gegn Óla Coghillssyni hjer í bænum, þar á meðal að mæta fyrir mína hönd ef Óli Coghillsson skyldi vinna eið samkvæmt dóminum.

Skal allt, sem nefndur Eggert Claessen gjörir og lætur gjöra hjer að lútandi hafa sama gildi sem jeg hefði gjört það sjálf.

Reykjavík 16. des. 1907

Margrjet Hróbjartsdóttir

Vatnsstíg 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskrift
úr dómabók Reykjavíkurkaupstaðar.

Ár 1907, þann 14. desember var í lögreglurjetti Reykjavíkurkaupstaðar í málinu

Margrjet Hróbjartsdóttir

gegn

Óla Kristni Jónssyni Lógkill

uppkveðinn svofelldur

Dómur

Kærandi máls þessa Margrjet Hróbjartsdóttir, ógipt stúlka í Vestmanneyjum ól meybarn 11. júní f.á. er skýrt var Ingibjörg Lára. Lýsti hún föður að barninu Óla Kristinn Jónsson Lógkill, verzlunarmann hjer í bænum, en með að hann hefur synjað fyrir faðernið, er mál þetta eptir kröfu kæranda höfðað á hendur honum, og er þess krafist, að kærði verði dæmdur til að greiða ársmeðlag með barninu og barnsfararkostnað kæranda, hvorttveggja eptir úrskurði yfirvaldsins svo og kostnað málsins.

Kærði krefst sýknunar í málinu. Kannast hann reyndar við, að hann hafi haft holdlegt samræði við kæranda, en það hafi verið síðast 5. júlí 1906, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta tjáist Kærði hafa skrifað hjá sjer. Geti hann því eigi verið faðir að ofan-greindu barni Kæranda.

Kærandi heldur því hinsvegar fram, að samfarir hennar og Kærða hafi síðast orðið í síðari hluta ágústmánaðar f. á. að hún hafi eigi haft slík afskipti af neinum öðrum karlmanni en Kærða á þeim tíma, er barnið gæti verið komið undir, og verði því engum öðrum en honum dreift við faðerni barnsins, og tjáist Kærandi reiðubúin að staðfesta þennan framburð sinn með eiði.

Með því að eigi verður álitið, að framan-greint barn, sem er fætt 11. júní þ. á. geti verið komið undir 5. júlí f. á. eða fyr, og með því að Kærandi hefur eigi sannað eða leitt líkur að því, að framburður hennar um tímann, er samfarir hennar og Kærða gjörðust, sje rjettara en skýrsla hans, verður henni eigi dæmdur eiður í máli þessu, en úrslit þess verða samkvæmt L. 6-13-5. að koma undir eið Kærða, og á hann að verða sýkn af kröfum Kæranda, ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi átt holdlegt samræði við Kæranda á þeim tíma, að hann geti verið faðir að nefndu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barni hennar, og skal þá málskostnadur falla nidur.

En treysti kærdi sjer eigi til ad vinna eidinn, skal hann greida medlag med barninu og barnsfararkostnad kæranda eptir úrskurdi yfirvaldsins. Svo skal hann og greida kæranda 10 Kr. í málskostnad.

Því dæmist rjett ad vera:

Svo framarlega sem kærdi Óli Kristinn Jónsson Coghill eptir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir þad med eidi, ad hann hafi átt holdlegt samrædi vid kæranda Margrjetu Hrólfjartsdóttur á þeim tíma, ad hann geti verid fadir ad barni því, Ingibjörgu Lauru, er kærandi ól 11. júní þ. á., á hann ad vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli. En vinni kærdi ekki eidinn, skal hann greida medlag med nefndu barni og barnsfararkostnad kæranda eptir úrskurdi yfirvaldsins. Svo skal hann og greida kæranda 10. Kr. í málskostnad.

Dóminum ad fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans ad vidlögdri lagaadför.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjetta útskript staðfestir
A. V. Tulinius
ft.

Gjald 50 –
fimmtíu aur.
A.V.T.

Ár 1907 þriðjudaginn 17. desember kom
við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í
Reykjavík birt framanritaðar órn
verzlunarmanni Óla Kristinn Jónssyni Cogill
persónulega á vinnustofu hans í Ingólfshvoli
við Hafnarstræti hjer í bænum, og tók
hann birtinguna jafngilda þar sem á hans
heimili væri.

Þetta vottum við samkvæmt stefnu-
votta eiði okkar og staðfestum undirskrift-
um okkar og innsiglum.

Gjald 1 kr.
krafa. Borgað:
B. P. Á.

B. Bjórnsson

Páll Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur